

Alþingi
Erindi nr. P 139/547 Grindavíkurbær
komudagur 1.12.2010



Alþingi
Menntamálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Grindavík, 29. nóvember 2010
nr. erindis 1011062 JÞ

Á 1243. fundi bæjarráðs Grindavíkurbæjar þann. 24. nóvember 2010 var tekið fyrir neðangreint erindi:


Beiðni um umsögn frá menntamálanefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafslms og strandsvæða, 45. mál, sbr. tölvupóst dags. 19.11.2010.

Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

Bæjarráð Grindavíkurbæjar tekur undir þann hluta ályktunarinnar að mikilvægt er að efla enn frekar kennslu í sjávarútvegsfræðum og auka rannsóknir í málefnum hafslms. Sjávarútvegur er ein meginstoð íslensks atvinnulífs og nauðsynlegt að gera veg hans sem mestan og auka áhuga ungs fólks á að skapa sér lífsviðurværi í greininni. Bæjarráð telur að efla beri jafnt fræðilega kennslu og rannsóknir á háskólastigi, og verkmenntun og starfsþróun á framhaldsskólastigi. Bæjarráð vekur athygli á því að kennsla og rannsóknir í sjávarútvegi á sér stað á mörgum stöðum m.a. í Fisktækniskóla Íslands í Grindavík og telur bæjarráð mikilvægt að kennsla í þessari grunnatvinnugrein Íslands fari fram sem víðast um landið.

Þessi afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarráðs Grindavíkurbæjar


Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri

(Circular stamp: BÆJARRÁÐ GRINDAVÍK)